


Innskráning

- Aðgengileg á www.mast.is
- Innskráning krefst rafrænna skilríkja eða íslykils.
- Fyrirtæki geta veitt starfsmönnum sínum umboð til að geta skráð inn umsóknir/tilkynningar á kennitölu fyrirtækisins með sínum rafrænu skilríkjum. Mikilvægt ef forráðamenn fyrirtækis vilja hafa aðgang að öllum innsendum tilkynningum/umsóknum.
 - Í umboðskerfi Ísland.is er hægt að veita umboðið með því að fara í gegnum **Eldri mínar síður** (<https://island.is/innskraning>).
 - Í valreitnum vinstra megin er smellt á + merkið fyrir aftan **Minn aðgangur** og svo **Umboðskerfi**.
 - Kennitala starfsmannsins er slegin inn og smellt á **Áfram**.
 - Í vallistanum **Flokkur** á að vera valið **Allir** og í vallistanum **Þjónusta** er **Matvælastofnun – umsokn.mast.is** valið. Hakað er við umboðshlutverkið **Samskipti við Matvælastofnun** og smellt á **Áfram**.
 - Valinn er gildistími til og smellt á **Vista**.
- Ef starfsmaður fyrirtækis er með umboð þá kemur upp valmynd við innskráninguna þegar búið er að skrá inn símanúmer og pin númer. Þá getur starfsmaðurinn skráð sig inn í umboði fyrirtækisins eða án umboðs (sem hann sjálfur).

Þjónustugátt MAST



Málin mín

Í hlutanum **Málin mín** er yfirlit yfir allar tilkynningar/umsóknir sem hafa verið sendar inn á kennitölu viðkomandi aðila. Eins birtast ný skilaboð frá MAST.

Ef smellt er á mál þá birtast allar upplýsingar um málið (stofnupplýsingar og saga málsins) og gögn. Gögnin eru m.a. þau fylgiskjöl sem voru send með tilkynningunni/umsókninni eða hafa verið send frá MAST til umsækjanda (birt á gátt).

Umsækjandi getur sent inn ný skjöl og þá birtast þau í málinu, bæði í málakerfi stofnunarinnar og í þjónustugáttinni. Eins er hægt að senda skilaboð til þeirra starfsmanna stofnunarinnar sem eru að vinna að málinu.



Umsóknir/Tilkynningar

Í hlutanum eru allar tilkynningar og umsóknir MAST og flokkaðar eftir efni.

Umsóknir		
01 Áburður og fóður	02 Dýrahald	03 Fiskeldi
04 Matvæli	05 Plöntur og viðarumbúðir	06 Upplýsingar
07 Póstsendingar einstaklinga	08 Skeldýr	09 Heilbrigðisvottorð vegna útflutnings
10 Annað		

Mögulegt er að byrja á að fylla út tilkynningu/umsókn og vista til að halda áfram síðar. Þá birtist rauður depill fyrir framan formið.

Þegar tilkynning/umsókn er send inn birtist staðfestingarnúmer sem er hægt að vísa í ef þörf er á að hafa samband símleiðis eða með tölvupósti.

Skilaboð

Í þessum hluta birtast öll skilaboð sem notandi hefur fengið eða sent, hvort sem er í tengslum við ákveðið mál eða almenn skilaboð til allra notenda.

Annað

Í hlutanum Annað eru stillingar notanda og hægt að senda inn ábendingar og almennar fyrirspurnir til stofnunarinnar.